

urlána eigendum skipa þeirra, er þar um ræðir, með þeim kjörum, sem **26**
ríkisstjórnin ákveður. 30. apríl

LVII. Að taka allt að 3 millj. kr. lán vegna aukningar á húsnæði ríkispítalanna.

LVIII. Að taka erlent lán að upphæð allt að 6 millj. dollara. Af þeirri fjárhæð skulu eftirtaldar upphæðir endurlánaðar svo sem hér segir:

Til raforkusjóðs	45 millj. kr.
Til ræktunarsjóðs	25 — —
Til hafnarframkvæmda	28 — —

og skal nefnd sú, er um getur í 20. gr. XXIV, skipta lánsfénu til einstakra hafna.

23. gr.

Á árinu 1959 skal greiða 30% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 30 þús. kr. hverjum einstökum lífeyris- og eftirlaunabega.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1958 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Guðm. Í. Guðmundsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

27

6. maí

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Sé um að ræða dauðaslys lögskráðra sjómanna, skal auk bóta þeirra, sem greiddar eru í eitt skipti fyrir öll, samkvæmt a-, c- og d-lið 38. greinar, greiða þessar grunnupphæðir:

1. Til ekkju eða ekkils, samkv. fyrri málslið a-liðs kr. 37.000.00
2. Til uppkomins barns eða systkinis, samkv. c-lið, enda hafi hlutaðeigandi verið á framfæri hins látna vegna skorts á starfsgetu — 7.000.00 til 21.000.00
3. Til foreldris, samkv. d-lið — 7.000.00 — 21.000.00

Ef viðbótarbætur þessar nema ekki fullum 12.800.00 krónum samtals fyrir hvert einstakt slys, skulu þær hækkaðar í þá upphæð.

Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eiga til viðbótarbóta samkv. 1.—3. tl. þessarar greinar, og skal þá bæta slysið með kr. 12.800.00,

27 sem skiptast milli barna hins látna, er njóta lífeyris samkv. b-lið 38. gr., ef fyrir 6. maí hendi eru, ella til dánarbús hans.

2. gr.

Við bráðabirgðaákvæði laganna bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Viðbótardánarbætur samkvæmt 39. grein skal greiða fyrir dauðaslys lögskráðra sjómanna, sem orðið hafa eftir 31. des. 1958. Jafnframt skal ráðherra setja nýjar reglur um áhættuiðgjöld sjómanna samkvæmt 43. gr. laganna og gilda þær frá og með 1. janúar 1959.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

28

30. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1959, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

b-liður 52. gr. laganna orðist svo:

Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings eða öðrum lækni, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins. Samlagsmenn á 1. verðlagssvæði, skv. 10. gr., greiða þó 5 kr. fyrir hvert viðtal á lækningastofu og 10 kr. fyrir hverja vitjun. Sama gildir í kaupstöðum og kauptúnum á 2. verðlagssvæði, þar sem læknir starfar auk héraðslæknis, ef sjúkrasamlagsstjórn ákveður, að fengnu samþykki tryggingaráðs. Breytist kauplagsvísitala um 10% eða meira, skal samræma greiðslurnar þeirri breytingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.